Skilmálar fyrir fjarskiptaþjónustu hjá Tali

Eftirfarandi skilmálar gilda fyrir alla fjarskiptaþjónustu sem Tal, skráð IP fjarskipti ehf., kt: 681201 2890, veitir nema að sérákvæði í sérstökum skilmálum eða samningum mæli á annan veg. Tal áskilur sér rétt til að gera breytingar á skilmálum, þjónustu og verði. Breytingar eru kynntar á vefsíðu Tals, www.tal.is, með a.m.k. mánaðarfyrirvara áður en breytingarnar taka gildi. Sá sem óskar eftir fjarskiptaþjónustu Tals., viðskiptavinur, skuldbindur sig við undirritun eða staðfestingu samnings um fjarskiptaþjónustu til að hlíta þeim kjörum og skilmálum sem Tal hefur á þjónustu sinni. Ef Tal gerir ekki athugasemdir við samninginn innan tveggja vikna frá því að aðgangur að þjónustu er veittur, er kominn á bindandi þjónustusamningur.

I Tal 3G netþjónusta í síma og netlyklar

1. gr. Almennir skilmálar

Þessir skilmálar gilda um internetþjónustu um farsímakerfi Tals og gilda fyrir hvern og einn rétthafa, eða eftir atvikum, notanda þjónustunnar. Skilmálarnir gilda að því leyti sem ekki er kveðið sérstaklega á um í samningi milli Tals og viðskiptavinar. Almennir skilmálar Tals um fjarskiptaþjónustu gilda einnig þar sem ákvæðum þessara skilmála sleppir. Ef ákvæði þessara skilmála og almennra skilmála Tals um fjarskiptaþjónustu standast á skulu þessir skilmálar gilda.

2. gr. Afköst þjónustu, gjaldfærsla og ábyrgðartakmarkanir

Tal veitir aðgang að netþjónustu sinni yfir farsímanet til notanda. Tal leggur áherslu á að uppfylla væntingar notenda til þjónustunnar, tryggja gæði hennar og stöðugleika.

Tal ábyrgist ekki að hraði nettengingar sé alltaf sá sami og áskriftin segir til um. Hraði tengingar er meðal annars háður fjölda senda, staðsetningu þeirra og afkastagetu. Tal ber ekki ábyrgð á því ef samband rofnar um stund en mun leitast við að koma sambandi á að nýju um leið og hægt er. Tal ber enga ábyrgð á tjóni sem rekja má til sambandsleysis, rofs á þjónustunni eða annarra truflana sem kunna að verða á rekstri netþjónustunnar, af hvaða völdum sem er. Tal ber ekki ábyrgð á tjóni sem þriðji aðili veldur.

Gjald fyrir aðgang að netþjónustu um farsímanet fer eftir gjaldskrá Tals og upplýsingar um hana eru birtar á vefsíðu Tals: www.tal.is

Allt gagnamagn í áskriftarleiðum er mælt um netþjónustu og um farsímanet Tals. Þetta þýðir að bæði gagnamagn á innlendum og erlendum gögnum er mælt, hvort sem það stafar af upp- eða niðurhali. Fari gagnamagn umfram þau mörk sem felast í áskriftarleið notanda er gjaldfært fyrir þá notkun sérstaklega skv. gjaldskrá Tals.

3. gr. Ábyrgð notanda

Tal áskilur sér rétt til að krefjast sérstakra fjártrygginga áður en stofnað er til reikningsviðskipta. Rétthafi netþjónustunnar um farsímanet ber fulla ábyrgð á allri notkun henni tengdri og annarri þjónustu sem veitt er í tengslum við hana.